

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta. Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	800 kg
vöruliðir	1602.20XX	800 kg
vöruliðir	1602.3XXX	5.800 kg
vöruliðir	1602.4XXX	4.500 kg
vöruliðir	1602.50XX	1.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	1.200 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:					
0407.0000	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.-31.12.97	ótilgr.	0	77
0404.9000	Annað (mysuduft)	01.01.-31.12.97	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1997 og gildir til 1. janúar 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

6. desember 1996

Nr. 632

REGLUGERÐ um Orkustofnun.

1. gr.

Orkustofnun er sjálfstæð ríkisstofnun, sem starfar undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Meginhlutverk Orkustofnunar er sem hér segir:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál, samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og stjórnvaldsákvörðunum.
2. Að safna og varðveita grundvallarupplýsingar um auðlindirnar og standa fyrir rannsóknnum á þeim, þannig að unnt sé að veita ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra.
3. Að halda skrár um orkubúskap landsmanna, þar með talið um orkunýtingu, og standa fyrir nauðsynlegum rannsóknum og upplýsingaöflun í því skyni og gefa út árlega yfirlit um þessi mál.
4. Að vinna að áætlunargerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins í samvinnu við aðra.
5. Að stuðla að samvinnu þeirra sem að orkumálum starfa og samræmingu á rannsóknum og gerð rannsóknáætlunar til langs tíma.
6. Að annast þau stjórnsýsluverkefni sem Orkustofnun eru falin skv. lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.